



Framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs

Austurbæjarskóli, Háteigsskóli, Hlíðaskóli, Vörðuskóli,
Draumaland, Halastjarnan og Eldflaugin,
105, Gleðibankinn og 100og1.



Starfshópurinn skipa:

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála SFS

Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála SFS

Arndís Steinþórsdóttir, skólastjóri Háteigsskóla

Berglind Stefánsdóttir, skólastjóri Hlíðaskóla

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu SFS

Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Austurbæjarskóla

Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri frumathugana mannvirkjudeildar USK

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnisstjóri á frístundaskrifstofu SFS

Inngangur

Reykjavíkurborg samþykkti á fundi borgarráðs 29. október 2020 að festa kaup á Vörðuskóla á Skólavörðuholti og fól skóla- og frístundasviði að gera tillögu að safnskóla á unglíngastigi í samráði við samliggjandi skólahverfi. Með hliðsjón af spám um þróun nemendafjölda til skemmri og lengri tíma og framtíðarsýn um spennandi skóla- og frístundastarf í anda nýrrar menntastefnu „Látum draumana ræstast“, var samþykkt að setja af stað starfshóp til að rýna nemendaþróun í þremur skólahverfum. Hópnum, sem skipaður var í febrúar 2021, var ætlað að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla í ljósi aukningar nemendafjölda sem orðið hefur á einstökum starfsstöðvum á undanförunum árum. Hópnum var ætlað að skila af sér skýrslu fyrir lok mars 2021 en frestur fékkst. Hópurinn víðaði að sér upplýsingum og fór meðal annars í vettvangsskoðun í Vörðuskóla og fékk kynningar frá Guðnýju Reynisdóttur, mannauðsráðgjafa á SFS, Ásgeiri Björgvinssyni og Guðrúnu Mjöll Sigurðardóttur, sérfræðingum á skrifstofu sviðsstjóra SFS og Önnu Kristínu Sigurðardóttur, prófessor á Menntavísindasviði HÍ. Hópurinn framkvæmdi SVÓT-greiningu á alls fimm sviðsmyndum sem lagðar voru til í vinnu hópsins en ákveðið var að greina ekki tvær sviðsmyndir (VI og VII) vegna of margra óvissuþátta. Erindisbréf (fylgiskjal 1) og vinna starfshópsins var kynnt skólaráðum og starfsmönnum skólanna þriggja en ekki var gert ráð fyrir frekari kynningu hagaðila á þessu stigi vinnunnar. Stjórnendur Tjarnarinnar fengu einnig kynningu á erindisbréfi og vinnu starfshópsins.

Eftir greininguna var ákveðið að setja hér fram fimm sviðsmyndir og fjalla um svót-greiningu þeirra:

- I. Vörðuskóli verði unglíngaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla. Byggt verði við Háteigsskóla samkvæmt þörf.
- II. Vörðuskóli verði unglíngaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en stækka þyrfti húsnæði Vörðuskóla með einhverjum hætti.
- III. Vörðuskóli verði unglíngaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Byggt verði við Hlíðaskóla samkvæmt þörf.
- IV. Austurbæjarskóli verði unglíngaskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur en 1.-7. bekkur Austurbæjarskóla færi í Vörðuskóla.
- V. Húsnæði Vörðuskóla yrði hluti af Austurbæjarskóla sem yrði heildstæður skóli en tæki einnig við unglíngum úr hinum skólunum þremur.

Sviðsmyndirnar tvær sem útilokaðar voru án svót-greiningar:

- VI. Vörðuskóli og hluti húsnæðis Tækniskólans yrði fyrir unglíngadeildir allra þriggja skólanna.
- VII. Húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð verði nýtt undir grunnskólastarf í hverfunum þremur.

Eftir SVÓT greiningu sviðsmynda og rýni í spátölur um fjölda barna/nemenda í skólahverfunum þremur til ársins 2040 var hópurinn sammála um að ekki væri ástæða til að fjalla frekar um fleiri tillögur en fimm þar sem þær voru óhagkvæmar og of margir ágallar á sviðsmyndum.

Áhersla Reykjavíkurborgar er á þéttingu byggðar, sjálfbærni og samnýtingu húsnæðis. Þétting byggðar hefur óhjákvæmilega áhrif á innra skipulag eldri hverfa og skóla- og frístundahúsnæði nær ekki alltaf að mæta auknum barna- og nemendafjölda með góðu móti. Í vinnu sem þessari er mikilvægt að rýna vel samgöngur milli hverfa. Í *Græna plani* Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að þjónusta í hverfum verði í göngu- eða hjólaferi og yfirfara þarf göngu- og hjólaleiðir barna með tilliti til þess.

Greinargerð

Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda er verulega farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Spár til 20 ára gera ráð fyrir fjölgun nemenda í þessum skólahverfum úr 1420 árið 2020 í 1858 árið 2040 og því er ljóst að bregðast þarf við vandanum strax (mynd 1).

Mynd 1. Nemendafjöldi og þol skólanna þriggja til ársins 2040. Miðað er við að nemendur frá Hlíðarenda fari í Hlíðaskóla.

	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
		Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	547	419	128	457	90	470	77
Háteigsskóli	375	457	-82	537	-162	624	-249
Hlíðaskóli	427	544	-117	678	-251	779	-352
Samtals	1.349	1.420	-71	1.672	-323	1.873	-524

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda. Færanlegar skólastofur eru ekki teknar með í m² grunnskólanna.

Nú þegar hús Vörðuskóla býðst fyrir skóla- og frístundastarf þarf að skoða með hvaða hætti það húsnæði nýtist best. Þó þarf að hafa í huga að jafnvel þó Vörðuskóli bætist við það húsnæði sem skólarnir þrír, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar nýta nú þegar, er ljóst að þegar horft er til ársins 2040 nægir þetta húsnæði ekki til að mæta þeim aukna fjölda nemenda sem spáð er á svæðinu. Starfshópurinn ákvað strax að skoða allar mögulegar sviðsmyndir fyrir svæðið í heild jafnt sem fyrir hvern skóla auk frístundastarfs. Á tímabili var unnið með sjö hugsanlegar sviðsmyndir en eftir SVÖT-greiningu var þeim fækkað niður í fimm og er þeim lýst nánar hér á eftir.

Húsnæði

Húsnæði er stór þáttur í að þróa gott og framsækið skóla- og frístundastarf. Hér verður gerð grein fyrir húsnæði skólanna þriggja, auk Vörðuskóla. Í öllum sviðsmyndum er gert ráð fyrir að rými Spennistöðvar og stofur þar fyrir ofan fylgi því húsnæði sem unglingar eru í, þ.e. Austurbæjarskóla eða Vörðuskóla (830 m²). Í fylgiskjölum er að finna gildandi deiliskipulag skólanna (fylgiskjöl 2-5), teikningar af Vörðuskóla (fylgiskjal 6) og úttektarskýrslu um Austurbæjarskóla (fylgiskjal 7).

Austurbæjarskóli

Austurbæjarskóli var tekinn í notkun 1930 og er ytra byrði hússins friðað. Heildarstærð Austurbæjarskóla, án íþróttarýmis er um 5.380 m². Auk þess hefur skólinn til umráða 490 m² rými Spennistöðvar vestan við húsið frá 8.20-14.00 alla virka daga. Ofan á Spennistöðinni er um 340 m² rými sem hýsir fjórar kennslustofur og miðrými.

Kennslustofur í Austurbæjarskóla eru misstórar allt frá tæpum 40 m² til 53 m². Ekki er gengt á milli stofa. Í skólanum eru auk þess 5 sérgreinastofur ætlaðar til tónlistar-, textíl-, hönnunar/smíði/nýsköpunar-, heimilisfræði- og myndlistarkennslu auk 6 kennslustofa sem nú eru nýttar undir Íslenskuver, námsver, fundarými og aðstöðu fyrir námsráðgjafa. Þá eru í skólanum 3 minni rými sem nýtt eru undir stoðþjónustu.

Bíosalur með sviði og föstum sætum fyrir áhorfendur er eini samkomusalur skólans og tekur hann 125 í sæti. Þá er í húsinu 158 m² bókasafn, 157 m² íþróttasalur og 47 m² sundlaug sem nú er nýtt fyrir yngstu nemendur skólans. Aðrir sækja skólasund í Sundhöll Reykjavíkur. Í skólanum er mötuneyti fyrir nemendur og þrískiptur matsalur sem ekki er nýttur í annað.

Ein kennslustofa hýsir vinnustofu kennara, þá er kaffistofa starfsmanna, opið rými fyrir ritara, skrifstofa skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Fimm minni rými eru á neðri hæðum þar sem auk geymslurýmis er aðstaða fyrir umsjónarmann, skólahjúkrunarfræðing og tónlistarkennslu skólahljómsveitar. Í risi er rými fyrir frístundaheimili, textílkennslu, frímínútna aðstöðu fyrir nemendur í unglingadeild, skólámunastofu og geymslur. Ekki er lyfta í húsinu.

Starfsemi frístundaheimilis Draumalands er dreifð og fer fram í rými í risi skólans (90 m²) og í þremur lausum kennslustofum á lóð skólans (um 244 m²). Auk þess hefur Draumaland aðgang að Spennistöð (490 m²), tölvustofu, bókasafni og íþróttasal skólans í hverri viku.

Spennistöðin, félags- og menningarmiðstöð í miðborg Reykjavíkur, er nýtt sameiginlega af frístundamiðstöðinni Tjörninni og Austurbæjarskóla og ber Tjörninn ábyrgð á rekstri húsnæðisins. Húsnæðið sem er 490 m² er nýtt undir kennslu fyrri part dags en sem félagsmiðstöðin 100og1 utan þess ásamt fleirum. Húsnæðið er einnig notað af íbúa- og félagasamtökum til að efla menningar- og félagsstarf í miðborginni. Tjörninn ákveður nýtingu húsnæðisins utan skólatíma í samráði við húsráð Spennistöðvarinnar og er ráðgefandi varðandi nýtingu húsnæðis og starfsemi hennar.

Aðgengismálum í Austurbæjarskóla er ábótavant og ljóst að nær ógerlegt er að gera húsnæðið að fullu aðgengilegt fyrir fólk sem er bundið í hjólastól. Er það m.a. vegna þess hvernig húsið er byggt, og einnig vegna þess að það er friðað. Þó er hægt að bæta aðgengismál í skólahúsinu og á lóðinni til muna fyrir flesta aðra hópa fatlaðs fólks.

Sérfræðingar í þessum málaflokki hjá verkfræðistofunni VSÓ hafa lokið aðgengisúttekt á skólanum (fskj. 7).

Háteigsskóli

Háteigsskóli varð formlega hverfisskóli 1968 og jafnframt æfinga- og tilraunaskóli við Kennaraskólann. Heildarstærð Háteigsskóla er 4,325 m². Í Háteigsskóla eru um 460 nemendur í 1. til 10. bekk. Skipulag skólahúsnæðis miðast út frá starfsemi kennslu. Kennslustofur skólans eru allar svipaðar af stærð í kringum 60 m². Innangengt er á milli flestra stofa.

Í skólanum eru fjórar sérgreinastofur sem ætlaðar eru til 80,3 m² myndmenntarkennslu, 67,2 m² tónlistarkennslu, 94,9 m² smíða-/hönnunarkennslu, 75,2 m² matreiðslukennslu og 49,4 m² leiklistarkennslu. Einnig eru í skólanum sjö rými sem nýtt eru fyrir 140 m² bókasafn, 195 m² stoðkennslu/námsver, námsráðgjafa 8,5 m² og 42 m² skrifstofu skólans. Tvær lyftur eru í húsinu, staðsettar á unglinga- og yngsta/miðstigi. Að auki eru staðsettar á lóðinni færanlegar kennslustofur 125 m² sem hýsa einn árgang skólans vegna húsnæðisskorts.

Hátíðarsalur skólans er eini samkomusalur skólans 194 m² og tekur 120 manns í sæti, þar er svið og tækniherbergi. Skólámötuneyti er fyrir alla árganga og matur fluttur úr eldhúsi í hátíðarsal skólans þar sem nemendur matast. Sund- og íþróttakennsla skólans fer fram í Laugardalslaug og íþróttahúsi staðsettu við lóð skólans sem er í eigu Menntavísindasviðs.

Starf frístundaheimilisins Halastjörnunnar fer að stórum hluta fram í færanlegum stofum á lóð skólans 369 m² og að auki hefur Halastjarnan aðgengi að bókasafni, leiklistarstofu, matreiðslustofu og samkomusal skólans. Félagsmiðstöðin 105 er með aðstöðu inni í skólanum í stofu sem er 45,7 m². Skortur er á hjartarými og vinnuaðstöðu starfsmanna. Félagsmiðstöðin 105 samnýtir alla aðstöðu með skólanum.

Hlíðaskóli

Hlíðaskóli hóf starfsemi sína í núverandi húsnæði árið 1960. Byggt hefur verið við skólann í tvígang. Í fyrri stækkuninni bættust við 4 kennslustofur fyrir unglinga og hátíðarsalur þegar byggt var við austurenda skólans. Seinni stækkunin var gerð árið 2006 í tengslum við einsetningu skólans og sameiningu Vesturhlíðarskóla og Hlíðaskóla. Byggt var þvert á skólabygginguna, skólinn fékk aðalinngang, nýjar list- og verkgreinastofur, mötuneyti 128 m² fyrir nemendur og 85,7 m² fyrir starfsmenn, vinnuherbergi kennara 49,3 m², stjórnunarálmú og kennslurými fyrir Táknmálssvið. Í þessum framkvæmdum var kjallari í suðurenda skólans dýpkaður og útbúið rými fyrir frístundaheimili 178.1 m².

Í dag er skólahúsnæðið 6877 m², íþróttahúsið sem stendur á skólalóðinni er 788 m². Færanlegar skólastofur eru tvær og eru þær 170 m². Skólinn rúmar um 450 nemendur miðað við 11 m² fyrir hvern nemanda en í dag stunda 556 nemendur nám við skólann og fer nemendum fjölgandi. Skólinn er á tveimur til þremur hæðum. Kjallari er undir stórum hluta húsnæðisins en lofthæð þar er ekki full og nýtist hann því ekki nemendum. Níu inngangar eru inn í skólann.

Aðgengi fyrir fatlaða er ábótavant. Lyfta var sett í húsnæðið árið 2006. Í kennslustofum þar sem heyrnarskertir eða heyrnarlausir nemendur stunda nám eru hljóðkerfi til staðar. Nauðsynlegt er að kennslustofurnar séu rúmgóðar þannig að pláss sé fyrir táknmálstúlka.

Íþróttahús skólans annar ekki núverandi nemendafjöldi og er hluti af nemendum í útileikfimi eða fær kennslu í hátíðarsalnum sem er engan veginn útbúinn fyrir þá kennslu.

Matsalur nemenda er of lítill og er hljóðvist þar slæm. Ekki verður hægt að bæta fleiri borðum þar við næsta haust þegar nemendafjöldi eykst enn frekar. Hljóðvist í matsal starfsmanna er slæm og vinnuaðstaða kennara er lítil.

Frístundaheimilið Eldflaugin er með aðstöðu í lausum kennslustofum sem eru á skólalóðinni auk rýmis í kjallara skólans. Auk þess nýtir frístundaheimilið matsal, tækniver, bókasafn og náttúrufræðistofu. Gleðibankinn félagsmiðstöð unglinga samnýtir kennslustofu á unglingastigi, tækniver, gang og samkomusal með skólanum en hefur ekkert sérrými til afnota og enga starfsmannaaðstöðu.

Vörðuskóli

Um nokkurt skeið hefur verið horft til þess að nota Vörðuskóla á Skólavörðuholti fyrir grunnskóla- og frístundastarf í borginni. Á fundi borgarráðs þann 29. október 2020 var tekin ákvörðun um að borgin eignaðist húsið. Húsnæðið er eitt af sköpunarverkum Guðjóns Samúelssonar arkitekts. Húsnæðið var áður í eigu Tækniskólans sem nú hefur hætt allri starfsemi í húsinu. Skólinn sem stendur við hlið Austurbæjarskóla þarfnast töluverðra endurbóta, m.a. vegna myglu en hér er horft til þeirra möguleika að nýta húsið undir grunnskóla- og frístundastarf og leysa þannig þrengingar í skólunum þremur.

Húsnæði Vörðuskóla er 2585 m². Gildandi deiliskipulag heimilar viðbyggingu við Vörðuskóla allt að 905 m² á tveimur og hálfri hæð (fylgiskjal 5). Teikningar Vörðuskóla eru í fylgiskjali 6.

Frístundastarf samofið skólastarfi

Samkvæmt *Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025* er almennt gert ráð fyrir því að starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva fari fram í húsnaði grunnskóla.

Frístundaheimili á yngsta stigi

Í grunnskólum sem hafa yngsta stig þarf að vera góð aðstaða fyrir frístundaheimili. Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á fjölbreytt frístundastarf þegar hefðbundnum skóladegi barna í 1.-4. bekk lýkur. Leiðarljós frístundaheimilanna er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Starfsemi frístundaheimila byggir á hugmyndafræði frístundamiðstöðva og frístundastarfs án aðgreiningar. Markmið frístundaheimila er að bjóða upp á innihaldsríkan frítíma þar sem börnin fá tækifæri til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskipti í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu (Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS, 2015).

Til er form fyrir samninga milli grunnskóla og frístundaheimila þar sem fram kemur hvers konar rými frístundaheimili þurfa að búa yfir. Þar kemur m.a. fram að stærð sérrýmis frístundaheimilis þurfi að vera u.þ.b. 1 m² af nettó vinnurými fyrir hvert barn en 2 m² fyrir barn með fötlun og heildarrýmið 4 m² á barn en 8 m² fyrir barn með fötlun. Rými frístundaheimila getur því að ¾ hluta verið rými sem er samnýtt með grunnskóla. Æskilegt er að frístundaheimilið hafi eitt sérrými fyrir 1. og 2. bekk og annað sérrými fyrir 3. og 4. bekk. Sjá samningsform í fylgiskjali 7.

Félagsmiðstöð á miðstigi

Í grunnskólum sem hafa miðstig en ekki unglíngastig þarf að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára. Gert er ráð fyrir að félagsmiðstöðin sem er við unglíngaskólann sem börnin fara í sjái um starfið.

Félagsmiðstöð á unglíngastigi

Í grunnskólum sem hafa unglíngastig þarf að vera góð aðstaða fyrir félagsmiðstöð. Félagsmiðstöðvar eru fyrir öll börn og unglínga á aldrinum 10-16 ára. Hlutverk félagsmiðstöðva er tvíþætt. Annars vegar er hlutverk þeirra að bjóða börnum og unglíngum á aldrinum 10-16 ára upp á frístundastarf sem hefur forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Hins vegar er hlutverk þeirra að bjóða upp á aðstöðu til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi. Áhersla er lögð á að virkja börn og unglínga til virkrar þátttöku og framkvæmda í starfinu, einkum þau sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Hópastarf og opið starf eru þar kjölfestan. Gert er ráð fyrir að þjónustutími félagsmiðstöðva sé tvískiptur. Annars vegar er um að ræða viðveru frístundaráðgjafa á skólatíma barna og unglínga. Hins vegar er um að ræða almennan opnunartíma í starfi félagsmiðstöðva sem skiptist í dagopnun og kvöldopnun.

Til er form fyrir samninga milli grunnskóla og félagsmiðstöðva þar sem fram kemur hvers konar rými félagsmiðstöðvar þurfa að búa yfir. Þar kemur m.a. fram að sérrými félagsmiðstöðvar þurfi að vera að lágmarki 65 m² en að heildarrými sem börn, unglíngar og starfsmenn félagsmiðstöðvar hafi aðgang að eftir skólatíma sé að lágmarki 350 m². Sérrými telst hluti af fermetrafjölda heildar rýmis. Sjá samningsform í fylgiskjali 8.

Samgöngur

Rýna þarf samgönguæðar, hvernig ferðir Strætó falla að þjónustu við nemendur sem koma úr þessum hverfum og kanna möguleika á þörf fyrir annars konar samgöngubætur. Ljóst er að nemendur þurfa að fara um mislangan veg og yfir misfjölfarnar götur ef breyta á skólahverfum t.d. með nýjum unglíngaskóla.

Viðmið um skólastærðir

Varðandi stærðir skóla hefur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar sett fram eftirfarandi viðmið:

Nýbyggingar heildstæðra grunnskóla skulu að jafnaði vera fyrir 550-650 nemendur. Heildstæðir grunnskólar (hvort heldur er eining í sameinuðum skóla eða stakstæður) séu að lágmarki 200 barna, eða 140 barna ef skólinn er fyrir 1. – 7. bekk; Frístundaheimili við grunnskóla þjónusti að lágmarki 60 börn, félagsmiðstöð fyrir 5. – 7. bekk 60 börn og félagsmiðstöð fyrir 8. – 10. bekk 60 unglínga.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur á undanförunum misserum verið að móta hugmyndir um nýjar útfærslur sem fela í sér meiri samlegð skóla- og frístundastarfs og samýtingu á aðstöðu. Þar er horft til skipulags starfseminnar með þeim hætti að skynsamlegt sé að tengja betur leikskólann, yngri bekki grunnskólans og frístundaheimili til þess að tryggja samfellu í heilsdags, heilsárs þjónustu við barnafjölskyldur auk þess að tengja mið- og unglíngastig og starfsemi félagsmiðstöðva betur saman.

Mismunandi skólagerðir

Hefð hefur skapast fyrir heildstæðum grunnskólum á Íslandi líkt og á hinum Norðurlöndunum. Þeir skólar í Reykjavík sem ekki eru heildstæðir skiptast oftast við unglíngastig og eru unglíngaskólarnir flestir safnskólar. Ekki er til opinber stefna Reykjavíkurborgar hvað þetta varðar né heldur rannsóknir sem styðja við eina skólagerð umfram aðra. Rannsóknir sýna að faglegt starf í skólum og skólastjórnun er það sem mest áhrif hefur á skólabrag. Kostur við þrengra aldursbil í skólum er kannski helst sá að sérhæfing getur orðið meiri.

Sviðsmyndir

Sviðsmynd I

Í sviðsmyndinni felst að Vörðuskóli verði unglíngaskóli fyrir Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla og byggja þurfi við Háteigsskóla. Félagsmiðstöðin 100og1 verði starfrækt fyrir unglínga í Vörðuskóla og miðstig Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla. Félagsmiðstöðin 105 verður starfrækt í Háteigsskóla og félagsmiðstöðin Gleðibankinn í Hlíðaskóla sameinuð 100og1. Því þarf að:

- A. Lagfæra Vörðuskóla svo þar rúmist unglíngar úr Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla.
- B. Sameina félagsmiðstöðvarnar 100og1 og Gleðibankann.
- C. Gera þarf ráð fyrir rými fyrir frístundaheimilið Draumaland í Austurbæjarskóla og félagsmiðstöð fyrir miðstig í Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla.
- D. Byggja við Háteigsskóla og gert verði ráð fyrir aðstöðu fyrir frístundaheimilið Halastjörnuna og félagsmiðstöðina 105 í skólanum.

Mynd 2. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd I. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
		Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	326	151	333	144
Háteigsskóli	375	457	-82	537	-162	624	-249
Hlíðaskóli	432	392	40	446	-14	516	-84
Vörðuskóli	305	311	-6	364	-59	399	-94
Samtals	1.589	1.420	176	1.673	-84	1.872	-283

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólstarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingskólum.

Mynd 3. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd I. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
		Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	285	192	292	185
Háteigsskóli	375	457	-82	537	-162	624	-249
Hlíðaskóli	432	392	40	487	-55	557	-125
Vörðuskóli	305	311	-6	364	-59	399	-94
Samtals	1.589	1.420	176	1.673	-84	1.872	-283

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólstarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingskólum.

Styrkleikar og tækifæri: Tækifæri á að móta sérstöðu nýs unglingskóla í miðborginni með tengingu við stofnanir, þjónustu og atvinnulíf. Meiri möguleikar á fjölbreyttu námsvali og auknum félagatengslum nemenda. Sterkur starfsmannahópur sem hefur sérhæft sig í kennslu unglunga. Stærri félagsmiðstöð unglunga þar sem margir sækja sama íþróttafélag. Ekki þarf að byggja við Hlíðaskóla og frístundaheimilið Eldflaugin fái meira rými innan skólans. Öll börn og unglingar af Hlíðarendasvæði færu í sömu skólana. Háteigsskóli heldur sinni sérstöðu í stærra húsnæði.

Veikleikar og ógnanir: Veigamikil breyting á skóla- og frístundastarfi Austurbæjarskóla og Hlíðaskóla með nýjum tengslum foreldra. Fjarlægðir og samgöngur milli heimila og skóla- og frístundastarfs gætu orðið flóknar/erfiðar. Tryggja þarf aðstöðu fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir 5.-7. bekk. Erfitt gæti reynt að byggja við Háteigsskóla. Mannauður gæti tapast í skóla- og frístundastarfi við sameiningu unglingsstigs tveggja skóla. Sameina þarf félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann og 100og1.

Sviðsmynd II

Í sviðsmyndinni felst að Vörðuskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur og að skóla- og frístundastarf fyrir 1.-7. bekk verði í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Félagsmiðstöðin 100og1 verði starfrækt fyrir unglunga í Vörðuskóla og miðstig Austurbæjarskóla, Hlíðaskóla og Háteigsskóla. Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann í Hlíðaskóla, 100og1 í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla. Því þarf að:

- A. Stækka húsnæði Vörðuskóla.
- B. Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann, 100og1 og 105.
- C. Skilgreina húsnæði Spennistöðvarinnar sem hluta af starfsemi unglingaskóla Vörðuskóla.

Mynd 4. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd II. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
		Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	326	151	333	144
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	446	-14	516	-84
Vörðuskóli	305	453	-148	530	-225	592	-287
Samtals	1.595	1.420	175	1.673	-78	1.872	-277

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólstarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingaskólum.

Mynd 5. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd II. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
		Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	285	192	292	185
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	487	-55	557	-125
Vörðuskóli	305	453	-148	530	-225	592	-287
Samtals	1.595	1420	175	1.673	-78	1.872	-277

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólstarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingaskólum.

Styrkleikar og tækifæri: Tækifæri á að móta sérstöðu nýs unglingaskóla og félagsmiðstöðvar í miðborginni með tengingu við stofnanir, þjónustu og atvinnulíf. Meiri möguleikar á fjölbreyttu námsvali, sterkri faggreinakennslu og auknum félagatengslum nemenda. Sterkur starfsmannahópur með sérhæfingu á unglingastigi. Stærri félagsmiðstöð fyrir unglinga sem margir sækja sama íþróttafélag. Ekki þarf að byggja við skólana þrjá sem fyrir eru. Möguleiki á sterku samstarfi við aðra unglingaskóla í nágrenninu. Sterkur starfsmannahópur félagsmiðstöðvarinnar 100og1 með auknum mannauði og samræmingu á starfsháttum. Hægt væri að horfa sérstaklega til unglingamenningar þegar nýr skóli yrði innréttaður.

Veikleikar og ógnanir: Veigamikil breyting á skóla - og frístundastarfi og hefðum eininganna með nýjum tengslum foreldra. Fjarlægðir og samgöngur milli heimila og skóla- og frístundastarfs gætu orðið flóknar/erfiðar. Félagsmiðstöðvastarf á miðstigi þarf að fá aðstöðu í yngri skólunum. Húsnæði Vörðuskóla rúmar ekki alla unglinga frá þessum þremur skólum. Fagauður gæti tapast í frístundastarfinu þar sem að þrjár félagsmiðstöðvar yrðu sameinaðar í eina þ.e. félagsmiðstöðina Gleðibankann í Hlíðaskóla, félagsmiðstöðina 105 í Háteigsskóla og 100og1 í Austurbæjarskóla

Sviðsmynd III

Í sviðsmyndinni felst að Vörðuskóli verði unglíngaskóli fyrir nemendur úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Félagsmiðstöðin 100og1 verði starfrækt fyrir unglíngi í Vörðuskóla og miðstig Austurbæjarskóla og Háteigsskóla. Félagsmiðstöðin Gleðibankinn verður starfrækt í Hlíðaskóla. Félagsmiðstöðvarnar 105 í Háteigsskóla og 100og1 í Austurbæjarskóla verða sameinaðar. Því þarf að:

- Lagfæra Vörðuskóla svo þar rúmist unglíngar úr Austurbæjarskóla og Háteigsskóla.
- Sameina félagsmiðstöðvarnar 105 og 100og1.
- Gera þarf ráð fyrir rými fyrir frístundaheimilið Draumaland og félagsmiðstöð fyrir miðstig í Austurbæjarskóla. Einnig þarf að gera ráð fyrir rými fyrir frístundaheimilið Halastjörnuna og félagsmiðstöð fyrir miðstig í Háteigsskóla.
- Byggja við Hlíðaskóla og gert verði ráð fyrir aðstöðu fyrir frístundaheimilið Eldflaugina og félagsmiðstöðina Gleðibankann í skólanum.

Mynd 6. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd III. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
		Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	326	151	333	144
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	427	544	-117	619	-192	720	-293
Vörðuskóli	305	301	4	356	-51	386	-81
Samtals	1.589	1.420	169	1.672	-83	1.870	-281

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglíngaskólum.

Mynd 7. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd III. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
		Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	477	260	217	285	192	292	185
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	427	544	-117	678	-251	779	-352
Vörðuskóli	305	301	4	338	-33	370	-65
Samtals	1.589	1.420	169	1.672	-83	1.872	-283

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglíngaskólum.

Styrkleikar og tækifæri: Tækifæri á að móta sérstöðu nýs unglíngaskóla í miðborginni með tengingu við stofnanir, þjónustu og atvinnulíf. Meiri möguleikar á fjölbreyttu námsvali og auknum félagatengslum. Stærri félagsmiðstöð nemenda sem flestir sækja sama íþróttafélag. Ekki þarf að

byggja við Háteigsskóla. Hlíðaskóli heldur sinni sérstöðu í stærra húsnæði og frístundaheimilið Eldflaugin og félagsmiðstöðin Gleðibankinn frá aðstöðu fyrir sitt starf inni í skólanum.

Veikleikar og ógnanir: Veigamikil breyting á skóla- og frístundastarfi Austurbæjarskóla og Háteigsskóla með nýjum tengslum foreldra og barna. Fjarlægðir og samgöngur milli heimila og skóla- og frístundastarfs gætu orðið flóknar/erfiðar. Félagsmiðstöðvastarf á miðstigi þarf að fá aðstöðu inni í mannvirkinu. Mannauður gæti tapast. Sameina þarf félagsmiðstöðvarnar 105 og 100og1.

Sviðsmynd IV

Í sviðsmyndinni felst að Austurbæjarskóli verði unglingskóli fyrir nemendur úr öllum skólunum þremur og nemendur í 1.-7. bekk Austurbæjarskóla færu í Vörðuskóla. Félagsmiðstöðin 100og1 þjóni miðstigi og unglingum í Austurbæjarskóla auk miðstigum Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann í Hlíðaskóla, 100og1 í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla. Því þarf að:

- Lagfæra Vörðuskóla svo þar rúmist nemendur 1.-7. bekkjar Austurbæjarskóla, frístundaheimilið Draumaland og félagsmiðstöð fyrir 5.-7.bekk.
- Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann í Hlíðaskóla, 100og1 í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla.

Mynd 8. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd IV. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
		Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	559	453	106	530	29	592	-33
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	446	-14	516	-84
Vörðuskóli	223	260	-37	326	-103	333	-110
Samtals	1.595	1.420	175	1.673	-78	1.872	-277

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingskólum.

Mynd 9. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd IV. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
		Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli	559	453	106	530	29	592	-33
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	487	-55	557	-125
Vörðuskóli	223	260	-37	285	-62	292	-69
Samtals	1.595	1.420	175	1.673	-78	1.872	-277

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingskólum.

Styrkleikar og tækifæri: Stærð og gerð húsnæðis Vörðuskóla gæti hentað betur fyrir aldur og fjölda nemenda á yngri stigum Austurbæjarskóla. Tækifæri á að móta sérstöðu nýs unglingskóla í miðborginni með tengingu við stofnanir, þjónustu og atvinnulíf. Meiri möguleikar á fjölbreyttu námsvali og auknum félagatengslum. Stærri félagsmiðstöð nemenda sem margir sækja sama íþróttafélag. Ekki þarf að byggja við neinn skóla strax. Aukið rými fyrir frístundastarf skapast í yngri skólunum.

Veikleikar og ógnanir: Veigamikil breyting á skólahaldi allra skólanna þriggja með nýjum tengslum barna og foreldra. Fjarlægðir og samgöngur milli heimila og skóla gætu orðið flóknar/erfiðar. Félagsmiðstöðvastarf á miðstigi gæti orðið flókið. Mannauður gæti tapast. Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann í Hlíðaskóla, 100og1 í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla.

Sviðsmynd V

Í sviðsmyndinni felst að húsnæði Vörðuskóla yrði hluti af Austurbæjarskóla sem yrði heildstæður skóli sem tæki einnig við unglingum í 8.-10. bekk úr hinum skólunum tveimur. Félagsmiðstöðin 100og1 þjóni miðstigi og unglingum í Austurbæjarskóla auk miðstigum Háteigsskóla og Hlíðaskóla. Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann í Hlíðaskóla, 100og1 í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla. Því þarf að:

- Lagfæra Vörðuskóla og byggja við hann svo þar rúmist nemendur Austurbæjarskóla auk unglingsdeilda Háteigsskóla og Hlíðaskóla.
- Gera þarfráð fyrir rými fyrir frístundaheimilið Draumaland og félagsmiðstöðina 100og1 í Austurbæjarskóla.
- Gera þarf ráð fyrir rými fyrir frístundaheimilið Halastjörnuna og félagsmiðstöð fyrir miðstig í Háteigsskóla einnig fyrir frístundaheimilið Eldflaugina og félagsmiðstöð f. miðstig í Hlíðaskóla.
- Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann, 100og1 og 105.

Mynd 10. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd V. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Austurbæjarskóla og Vörðuskóla.

	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
		Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Austurbæjarskóli/Vörðuskóli	782	713	69	856	-74	925	-143
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	446	-14	516	-84
Samtals	1.595	1.420	175	1.673	-78	1.872	-277

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingskólum.

Mynd 11. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd V. Nemendur frá Hlíðarenda fara í Hlíðaskóla og Vörðuskóla.

	Skólastarf	2020		2030 (spá)		2040 (spá)	
		Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi
Austurbæjarskóli/Vörðuskóli	782	713	69	815	-33	884	-102
Háteigsskóli	381	315	66	371	10	431	-50
Hlíðaskóli	432	392	40	487	-55	557	-125
Samtals	1.595	1.420	175	1.673	-78	1.872	-277

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingskólum.

Styrkleikar og tækifæri: Meiri möguleikar á fjölbreyttu námsvali á unglingsstigi og auknum félags tengslum. Stærri félagsmiðstöð unglinga sem öll sækja sama íþróttafélag og skóla. Ekki þarf að byggja við neinn skóla strax. Samlegðaráhrif húsnæðis Austurbæjarskóla og Vörðuskóla. Betri aðstaða fyrir frístundastarf í Háteigsskóla og Hlíðaskóla fyrir 1.-7.bekk.

Veikleikar og ógnanir: Veigamikil breyting á skólahaldi allra skólanna þriggja með nýjum tengslum barna og foreldra. Fjarlægðir og samgöngur milli heimila og skóla gætu orðið flóknar/erfiðar. Félagsmiðstöðvastarf á miðstigi og skólar samnýta aðstöðu. Mannauður gæti tapast. Austurbæjarskóli/Vörðuskóli mögulega orðinn of stór. Aðstaða fyrir frístundastarf gæti orðið lítil og þröng. Sameina félagsmiðstöðvarnar Gleðibankann í Hlíðaskóla, 100og1 í Austurbæjarskóla og 105 í Háteigsskóla.

Lokaorð

Hér hafa verið reifaðar fimm sviðsmyndir sem starfshópurinn valdi og taldi álitlegastar af þeim sjö sviðsmyndum sem fram komu í hugmynda- og greiningarvinnu hópsins. Hópurinn fundaði alls 10 sinnum frá byrjun mars til byrjun maí árið 2021. Þessar fimm sviðsmyndir eru því tillögur starfshópsins til áframhaldandi vinnslu.

Fylgiskjöl:

1. Erindisbréf fyrir starfshópinn
2. Gildandi deiliskipulag - Austurbæjarskóli
3. Gildandi deiliskipulag - Háteigsskóli
4. Gildandi deiliskipulag - Hlíðaskóli
5. Gildandi deiliskipulag - Vörðuskóli
6. Teikningar af Vörðuskóla
7. Úttektarskýrsla: Austurbæjarskóli ferlimál ástandsskoðun
8. Samningsform - frístundaheimili
9. Samningsform - félagsmiðstöð